

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Guðrúnar Þ. Sveinsdóttur frá Bjarnastaðahlíð.

1. gr.

Heiti, heimilisfang og stofnandi.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Guðrúnar Þ. Sveinsdóttur frá Bjarnastaðahlíð og var stofnaður 19. ágúst 1972 með gjafabréfi Guðrúnar Þ. Sveinsdóttur frá Bjarnastaðahlíð, Skagafirði.

Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hann kann að eignast síðar. Stofnendur hafa engin sérréttindi í sjóðnum.

Heimili og varnarþing sjóðsins er á Sauðárkróki.

2. gr.

Stofnfé.

Stofnfé sjóðsins var við stofnun hans þann 7. maí 1973, samtals kr. 3.000.000.

Stofnfé sjóðsins í dag er kr. 3.035.449.

3. gr.
Ávöxtun.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í útibúi Arion banka á Sauðárkróki eða á annan hátt, sem tryggilegur er og stuðlar að tilgangi sjóðsins, að mati sjóðstjórnar.

4. gr.

Markmið og tilgangur.

Tilgangur sjóðsins er samkvæmt gjafabréfi stofnanda sjóðsins að styrkja þá starfsemi sem Krabbameinsfélag Skagafjarðar og Hjarta- og æðaverndarfélag Skagfirðinga hafa að markmiði að vinna að. Heimilt er að styðja stofnanir, einstaklinga, félagasamtök eða sérstök verkefni í því skyni, allt samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins hverju sinni.

Taki opinberar stofnanir að sér hlutverk framangreindra aðila, eða ef tekst að sigrast á þeim sjúkdómum, sem þau berjast gegn, skal fē sjóðsins á sama hátt varið til styrktar öðrum áþekkum líknarmálum, sem aðkallandi eru að mati stjórnar sjóðsins.

5. gr.
Reikningsári.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

6. gr.
Móttaka á gjöfum.

Sjóðurinn veitir móttoku minningargjöfum og öðrum gjöfum. Gjafir þessar skulu skráðar í gjörðabók sjóðsins.

7. gr.
Úthlutun.

Úthlutun úr sjóðnum fer fram árlega. Heimilt er að úthluta helmingi vaxta sjóðsins. Óheimilt er að skerða höfuðstól hans fram yfir upphaflegt stofnfé.

8. gr.
Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Framkvæmdastjóri lækninga á Heilbrigðisstofnuninni Sauðárkróki eða yfirmaður lækninga á Sauðárkróki skal vera formaður. Einnig skal sitja í stjórn sóknarpresturinn í Sauðárkrókskirkju og sá þriðji skal skipaður af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar til fjögurra ára í senn.

Nr. 1125

2. desember 2013

Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum sjóðsins og kemur fram út á við fyrir hönd hans. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hans séu jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meiri hluta stjórnar skuldbinda sjóðinn.

Stjórnarfundir eru lögmatir ef meiri hluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

9. gr.

Endurskoðendur.

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar skal tilnefna einn eða fleiri skoðunarmenn til að endurskoða reikninga sjóðsins fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur/skoðunarmenn má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna sjóðsins.

10. gr.

Breytingar, slit og sameining.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina sjóðinn annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hann niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna sjóðsins. Slíkt skal svo boríð skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki. Komi til niðurlagningar sjóðsins skal hreinni eign hans varið til markmiðanna sem greint er frá í 4. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

11. gr.

Eldri skipulagsskrá.

Með gildistöku þessarar nýju skipulagsskrár fellur úr gildi eldri skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Guðrúnar Þ. Sveinsdóttur frá Bjarnarstaðahlíð sem er nr. 1124 í sjóðaskrá og var auglýst í Stjórnartíðindum nr. 189/1973.

12. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari, sbr. reglugerð nr. 140/2008, skv. lögum nr. 19/1988.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofmanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Sauðárkróki, 2. desember 2013,

Björn Ingi Óskarsson.

Auður Steingrimsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 18. desember 2013